

Skipulagsstjóri  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 31. maí 2017  
UST201704-141/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Sveitarfélagið Hornafjörður. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi á skotsvæði og moto-cross-svæði**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 18. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030.

Í greinargerð kemur fram að tillagan felur í sér að landnotkun breytist á þremur svæðum: Afmarkað verður nýtt skotæfingasvæði við Grjótrú. Svæði fyrir motocross verður fært til norðurs að Flóðhólum og efnistökusvæði við Fjánhúsavík. Landnotkun fyrir gamalt efnistökusvæði við Fjánhúsavík verður afmarkað.

### **Skipulagssvæðin**

#### **Motocross-braut við Flóðhóla og Fjánhúsvík**

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir mótocross-braut rétt norðan við bæinn við Flóðhóla og Fjánhúsavík. Einnig kemur fram að hún fellur undir tl. 11.1 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er því tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar.

#### **Náttúruminjar**

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hver fjarlægðin er frá mótocross-braut að Skarðsfirði, en mikilvægt er að það komi fram, þar sem Skarðsfjörður er svæði á náttúruminjaskrá nr. 629. Í skránni kemur eftirfarandi fram: „*Skarðsfjörður, Hornafjarðarbæ (áður Nesjehr. og Höfn), A-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.*“

Umhverfisstofnun bendir á að verndargildi Skarðsfjarðar felst í auðugum leirum og fuglalífi og telur stofnunin mikilvægt að fuglalíf verði ekki fyrir truflunum frá mótocross-svæðinu.

Einnig bendir stofnunin á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „*Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr*

og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Umhverfisstofnun bendir á að vegaframkvæmdir eru framkvæmdir og skv. ofangreindu skal ekki framkvæma nær ám sjó og vötnum en 50 m. Því skulu framkvæmdir á mótocross-svæði ekki fara nær sjó en 50 m.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að óvissa sé um áhrif mótocross-brautar á búsvæði fugla. Einnig kemur fram að fuglafræðingur muni skoða svæðin áður en deiliskipulagsáætlun um svæðið verður samþykkt. Umhverfisstofnun tekur undir það og telur mikilvægt að tekið sé tillit til búsvæða fugla.

### **Efnistökusvæði við Fjánhúsavík**

Í greinargerð skipulagstillögunnar kemur fram að efnistökusvæði í Fjánhúsavík sé gömul og ófrágengin náma, sem er staðsett nyrst á skilgreindu athafnasvæði (AT3). Einnig kemur fram að markmið með opnun námunnar er að tryggja aðgengi að grjóti vegna viðhalds við sjóvarnargarða og að gengið verði frá námusvæðinu að efnistöku lokinni og að náman nái yfir u.þ.b. 1 ha. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir grjótnámi allt að 49.990 m<sup>3</sup> úr námunni og því fellur framkvæmdin undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum n.t.t. 1. viðauka, tl. 2.04, flokk C.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 (sjá ofangreint) skulu framkvæmdir ekki vera nær sjó en 50 m, sem er mikilvægt þar sem Skarðsfjörður er á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allur frágangur verði í samræmi við gróðurfar og umhverfi námunnar og bendir stofnunin á vefinn namur.is, en þar eru upplýsingar um efnistöku og frágang og þar með talið endurheimt staðargróðurs.


### **Skotæfingasvæði við Grjótbrú**


Í ofangreindri tillögu kemur fram að nýtt skotæfingasvæði er áætlað 10 km fyrir norðan Höfn. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vöktun á hávaða frá skotsvæðinu verði þáttur í starfsleyfi svæðisins, þannig að tryggt sé að nálægir íbúar verði ekki fyrir truflunum frá svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að fuglafræðingur muni meta möguleg áhrif áætlaðs skotsvæðis á búsvæði fugla.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að staðið verði að öllum framkvæmdum þannig að verndargildi nálægra náttúruminja skerðist ekki.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur